

# Fundur í stjórn foreldrafélagsins 18. mars 2014

## Mættir voru:

Erla Rán, Áshildur, Sólveig, Vaka, Auður, Þórhildur og Fanney.

## Fjáaflanir

Umræða um fjáraflanir fyrir skólaferðalög. Undanfarið hafa verið of mörg böll fyrir yngstu bekkina. Eins finnst okkur of mikið að bjóða upp á snúð og drykk á nemendadaginn ásamt því að nemendur megi koma með snakk, popp og frjálst nesti. Nemendur fá nægilega mikið af orku þann daginn og þetta er mikill auka kostnaður fyrir foreldra.

## Styrkir

Foreldrafélagið styrkir hvert barn um 1000kr. Í hverja ferð á Kiðagil/Reyki/skólaferðalag 10. bekkjar.

## Netsamskipti

Foreldrafélagið þarf að stofna netfang svo foreldrafélagið geti sent tölvupóst á foreldra í nafni félagsins. Vaka ætlar að stofna netfang. Foreldrafélagið ætlar að opna „like“ síðu á facebook þar sem hægt verður að setja inn smáfréttir og viðburði. Fanney ætlar að sjá um facebook síðuna.

## Mötuneyti

Meðal nemenda hefur verið mikil umræða um mötuneytið. Okkur langar að vita hvort það sé hópæsingur eða hvort maturinn sé ekki boðlegur. Margir eru ánægðir með salatbarinn. Borða starfsmenn í mötuneytinu? Sigga og Ása ætlar að ath. á fundi hjá SAMTAKA hvernig nýju matseðlarnir koma út.

## Bekkjarkvöld

Illa hefur gengið að halda bekkjarkvöld eftir áramót, einungis örfáir árgangar hafa verið með viðburð eftir áramót.